

Stjórnarfundur nr. 10
18. desember 2011 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: : Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir (kom inn á fundinn seinna og fór fyrir heim), Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir (fór áður en fundi var slitið), Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir (kom kl.17:40) og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Áskorun til stjórnar frá nokkrum deildum v. Deildasýninga. Formönnum deildanna boðið á fundinn til að ræða málin.

Eftirfarandi mættu:

Deild íslenska fjárhundsins: Ágúst Ágústsson formaður DÍF

Spítzhundadeild: Formaður mætti ekki

Am.cocker sp.deild: Formaður mætti ekki

PMF- deild: Formaður mætti ekki

Smáhundadeild: Brynja Tomer í stjórn deildarinnar

Retrieverdeild: Guðbjörg Guðmundsdóttir formaður og Arnar Tryggvason í stjórn

Cavalierdeild: María Tómasdóttir formaður, Ingibjörg E. Halldórsdóttir, Elísabet Grettisdóttir

Fjár-og hjarðhundadeild: *Eftirfarandi skilaboð bárust frá formanni deildarinnar:*

Tilkynning frá Fjár og hjarðhundadeild, stjórn FH samþykkti ákvörðun stjórnar Hrfí um frestun á deildarsýningum 2012, undirritaður stjórnarmaður FH skrifaði undir áskorun fyrir sína hönd! Formaður FH sér ekki ástæðu að mæta á fundinn að svo stöddu! Lára Birgisdóttir

Ofangreindir fulltrúar voru ósátt við hversu seint stjórn tilkynnti deildum að ekki yrðu um neinar deildarsýningar að ræða árið 2012. Hugmynd kom fram að hafa eitthvað skipulag á niðurröðun deildarsýninga í framtíðinni á meðan ástandið í þjóðfélaginu er eins og það er í dag. Deildirnar gætu rætt það við sínar stjórnir og ræða síðan um málefnið á fulltrúaráðsfundi. Tillaga kom frá einum deildarformanni að leyfa DÍF að halda sína deildarsýningu í janúar þar sem búið er að bjóða FCI dómara sem er jafnframt ræktandi íslenska fjárhundsins. Allir fulltrúar deildanna sem komu á fundinn studdu tillöguna.

Stjórn HRFÍ ákvað að virða vilja fulltrúa þeirra sem mættu á fundinn. Stjórn HRFÍ endurskoðaði afstöðu sína og samþykkti tillögu um að leyfa Deild íslenska fjárhundsins að halda meistarasýningu í janúar. Sá fyrirvari er gerður að ef tap verður á sýningunni greiðir DÍF það til félagsins.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram til samþykktar - **Samþykkt**

3. Nordic Winner Show í Stokkhólmi 9.-12. desember

Frábær árangur hjá unglíngalandsliði HRFÍ sem var skipað eftirfarandi keppendum:

Elínu Rós Hauksdóttur, Theodóru Róbertsdóttur, Þórkötu Lunddal Friðriksdóttur og Ernu Sigríði Ómarsdóttur. Í liðakeppninni lentu þær í 2. sæti og þrjár voru valdar áfram til að keppa í einstaklingskeppninni og þar lenti Elín Rós Hauksdóttir í 2. sæti. Þær stóðu sig frábærlega og voru félaginu til mikils sóma. Við óskum stelpunum innilega til hamingju með frábæran árangur. Á föstudeginum fyrir sýninguna funduðu þær ásamt þjálfara sínum með öðrum ungum sýnendum frá öllum NKU löndunum. Á fundinum var verið að fara yfir reglur ofl. tengt keppni ungra sýnenda.

HRFÍ var með kynningarbás á sýningunni ásamt öllum NKU hundaræktarfélagunum á svokölluðu Norðurlandatorgi. Vel tókst til og komu margir á bás félagsins. Settur var upp bogaveggur félagsins og sýnd var dvd af íslenska fjárhundinum sem vakti mikla athygli og

ánægju gesta sem komu við á Norðurlandatorginu. Svíarnir tóku vel á móti íslensku gestinum og allt skipulag var til fyrirmyndar. Öll NKU félögin voru beðin um að koma með gjafir til að gefa í BIS, eitthvað sem tengist landinu. Gjöf HRFÍ var í fyrsta sæti í BIS, kertastjaki eftir íslenska listakonu.

4. Aðventu- og uppskerukvöld 3. desember – Uppgjör og umræður

5. Erindi frá Brynju Tomer vegna samþykktar á aðalfundi – Lögð fram álitserð frá Árna Stefáni Árnasyni lögfræðings ML, sérsvið dýraréttur. **A-2571**

Ágæta fólk í stjórn HRFÍ.

Í meðfylgjandi viðhengi er álitserð frá Árna St. Árnasyni lögfræðingi sem ég leitaði álits hjá vegna afgreiðslu ykkar á tillögu sem samþykkt var á aðalfundi HRFÍ í maí síðastliðnum.

Í fundargerð stjórnar frá júní sl. kemur fram það viðhorf (í ljósi e) liðar 11. greinar laga félagsins) að ykkur beri ekki að framfylgja ákvörðun meirihluta aðalfundar. Á fulltrúaráðsfundi nýlega staðfestuð þið að í ykkar huga hefði þessi klásúla meira vægi en meirihlutasamþykkt aðalfundar.

Ég er ekki sammála því álit ykkar og óska nú eftir að þið lesið meðfylgjandi álitserð og fylgið í framhaldi af því eftir samþykkt aðalfundar.

Jafnframt óska ég eftir því að í fundargerð ykkar verði meðfylgjandi álitserð birt. Ef þið sjáið ástæðu til að birta jafnframt þennan tölvupóst minn, er ekkert því til fyrirstöðu frá minni hálfu.

Kær kveðja, Brynja Tomer.

6. Álitserð frá Ingibjörgu Björnsdóttur lögfræðings, hdl., meðal helstu sérsviða: Innlendir skattaréttur, félagaréttur, vinnuréttur, leiguréttur, skiptastjórn, fyrirtækjaráðgjöf varðandi rekstur og bókhald, lögð fram vegna erindis nr. 5 frá Brynju Tomer og álitserðar Árna St. Árnasonar, lögfræðings ML, sérsvið dýraréttur. **A-2572**

Þann 28. október sl. sendi Brynja Tomer, félagsmaður í HRFÍ, stjórn HRFÍ erindi í tölvupósti ásamt álitserð frá Árna St. Árnasyni lögfræðingi (ML, sérsvið dýra) á tillögu, sem Klara Hafsteinsdóttir bar upp og samþykkt var á aðalfundi HRFÍ 18. maí sl. Erindi Brynju var tekið fyrir á stjórnarfundi 30. nóvember sl. Þar sem álitserð Árna St. Árnasonar lögfræðings er í mótsögn við skilning og afgreiðslu stjórnar HRFÍ á stjórnarfundi 14. júní sl. var samþykkt að leita álits lögmanns með þekkingu á félagarétti og fá álitserð á sama efni og Árni St. Árnason lögfræðingur vann fyrir Brynju Tomer. Afgreiðslu á erindi Brynju Tomer var því frestað þar til það álit lægi fyrir. Leitaði stjórn HRFÍ til Ingibjargar Björnsdóttur, hdl. – Emla lögmann. Meðal helstu sérsviða Ingibjargar eru: Innlendir skattaréttur, félagaréttur, vinnuréttur, leiguréttur, skiptastjórn, fyrirtækjaráðgjöf varðandi rekstur og bókhald. Stjórn HRFÍ óskaði eftir álit Ingibjargar á því hvort stjórn HRFÍ sé bundin af tillögu félagsmanns varðandi verklag við ráðningu framkvæmdastjóra, er lögð var fram og samþykkt á aðalfundi félagsins þann 18. maí sl. undir dagskrárlíð nr.10. „Önnur mál“.

Þann 7. desember sl. skilaði Ingibjörg Björnsdóttir hdl. minnisblaði sínu varðandi ósk stjórnar HRFÍ. Erindi Brynju Tomer, frá stjórnarfundi 30. nóvember, er nú tekið fyrir ásamt álitserð Árna St. Árnasonar lögfræðings. Samhliða er tekin fyrir álitserð, sem stjórn HRFÍ óskaði eftir frá Ingibjörgu Björnsdóttur hdl. um sama efni.

Stjórn var sammála álit Ingibjargar Björnsdóttur hdl. enda ávallt verið sömu skoðunar á þessu máli. Þannig að afstaða stjórnar HRFÍ, sem kemur fram í fundargerð 14. júní sl., er óbreytt. Í síðustu málsgrein minnisblaðsins leggur Ingibjörg til að tillagan verði réttilega lögð fram undir dagskrárlíð nr.6. á næsta aðalfundi HRFÍ. Með því verði hún réttilega kynnt í fundarboði og á dagskrá fundarins og allir félagsmenn geti áttað sig á efni tillögunnar fyrir fundinn. Þessi tillaga Ingibjargar var jafnframt samþykkt samhjóða af stjórn HRFÍ.

7. Erindi frá Blindrafélaginu, ósk um styrk - Margrét Pálsdóttir

Beiðni til stjórnar.

Blindrafélagið gefur út borðdagatal fyrir árið 2012 til styrktar kaupum og þjálfun á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta. Í dag eru aðeins starfandi 5 leiðsöguhundar á Íslandi og mikil þörf er á fjölgun þeirra. Góður leiðsöguhundur getur skipt sköpum fyrir blindan einstakling og veitt honum mikið frelsi og sjálfstæði í öllu umferli.

Getur Hundaræktarfélag Íslands lagt okkur lið og gefið okkur leyfi til að senda félögum ykkar eintak af dagtalinu ásamt greiðsluseðli til styrktar þessu verkefni.

HRFÍ leyfir ekki fjölpóst á félagatal félagsmanna. Við getum hins vegar boðið þeim að auglýsa á vefsíðunni og sent auglýsinguna út á póstlista.

8. Umsókn um CACIB sýningu 2015 hafnað vegna Evrópusýningarinnar í Osló.

Finna aðra dagsetningu.

Subject: CACIB dog shows in Iceland in year 2015

In answer to your e-mail request dated 05/01/2011, we have the pleasure to inform you that we give you the authorization to put the CACIB in competition at shows conducted in:

REYKJAVIK 28/02-01/03/2015(1 CACIB),

REYKJAVIK 14-15/11/2015(1 CACIB).

We have a problem with the show in Reykjavik on 5-6/09/2015, we are sorry to inform you we can't accept these dates because there is already on 04-06/09/2015 the European Section Show in Lillestrom/Oslo (Norway).

Sýningastjórn leggur því til að sýningin verði færð til um eina viku þ.e. 29.-30. ágúst 2015. Stjórn HRFÍ samþykkir dagsetninguna.

Samþykkt.

9. Önnur mál

- Stigahæsti ræktandi ársins – umræður

Næsti stjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 11. janúar kl.17:00

Fundi slitið.

Sign:

Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.